

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 6/98
frá 30. janúar 1998

um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/97 frá 30. apríl 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB frá 20. júní 1997 um breytingu á viðauka C við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0038:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB frá 20. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 184, 12. 7. 1997, bls. 31).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 242, 4. 9. 1997, bls. 69 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 37, 4. 9. 1997, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 184, 12. 7. 1997, bls. 31.

2. gr.

Í lok aðlögunarliðar c) við lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn bætast við orðin „eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB”.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. janúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

